

**172. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fjarfundi,
19. janúar 2022 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundurinn haldinn í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2003068 - Viðbragðsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs við heimsútbreiðslu inflúensu

Viðbragðsáætlun á velferðar- og mannréttindasviði vegna COVID-19. Stöðumat og upplýsingar.

Lagt fram til kynningar.

2. 2201087 - Dalbraut 8 - uppbygging

Drög að erindisbréfi stýrihóps vegna uppbyggingar á Samfélagsmiðstöð að Dalbraut 8, liggur fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að erindisbréfi stýrihóps og vísar drögunum til bæjarráðs.

3. 2201071 - Áhaldahús, Fjöliðja vinnuhluti og Búkolla - Uppbygging á húsnæði

Drög að erindisbréfi stýrihóps vegna uppbyggingar á húsnæði, fyrir Áhaldahús, Fjöliðjuna vinnuhluta og Búkollu, liggur fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að erindisbréfi stýrihóps og vísar drögunum til bæjarráðs.

4. 2201096 - Barnavernd - umdæmisráð

Lög um breytingar á barnaverndarlögum liggja fyrir og tiltekin ákvæði koma til framkvæmda 28. maí 2022.

Lagt fram til kynningar.

5. 2111147 - Vinnumálastofnun starfsendurhæfing- HVER þjónustusamningur 2022

Þjónustusamningur Vinnumálastofnunar og Akraneskaupstaðar Endurhæfingarhússins Hver um starfsendurhæfingu.

Lagt fram til kynningar.

6. 2006313 - Skammtímadvöl - könnun

Skammtímadvöl á Akranesi fyrir fötluð börn.

Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti, KHS, AÞÞ, EB, SH og SK.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.